

Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2006-2010

Inngangur

Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið

Markmið áætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla í Stykkishólmsbæ.

Framkvæmd og umfang

Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar nær annars vegar til stjórnkerfis og starfsmanna bæjarfélagsins og hinsvegar til starfsemi og þjónustu stofnana og fyrirtækja í sveitarfélaginu.

Jafnréttisnefnd er skipuð 3 aðilum og 3 til vara.

Stjórnkerfi og starfsmannastefna Stykkishólmsbæjar

Auglýsingar og ráðningar

Við ráðningar í störf innan bæjarfélagsins verði unnið að því að jafna hlut kynjanna. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við gerð auglýsinga sem og ráðninga.

Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana, bæjarstjóri.

Áfangar: Kynna fyrir viðkomandi ábyrgðaraðilum, endurskoða í október 2010.

Starfsaðstæður og kjör(laun, vinnutími, símenntun ofl.)

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum, ráðningar og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Við ákvörðun launa og kjara skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Unnið skal að því að störf, s.s. umönnunar-, uppeldis-og heimilisstörf verði í samningum metin til jafns við önnur störf við starfsaldursákvörðanir hjá öllum starfsstéttum.

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu. Hverskonar áreitni er hafnað og verður ekki liðin. Starfsmenn sem verða fyrir slíkri framkomu eiga rétt á að bera fram kvörtun og skal þeim tryggt að til viðeigandi aðgerða verði gripið.

Starfsmönnum skal gera kleift að minnka vinnu tímabundið til að geta sinnt fjölskylduábyrgð eins og umönnun veikra barna og annarra náinna skyldmenna.

Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana, launafulltrúi, bæjarstjórn.

Áfangar: Annað hvert ár verði gerðar kannanir á launum með tilliti til kynja í sambærilegum störfum. Könnun um kynjaskiptingu í störfum hjá Stykkishólmsbæ skal framkvæmd á árinu 2010.

Upplýsingar um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum skulu liggja fyrir og koma þarf þeim upplýsingum á framfæri við starfsmenn bæjarins.

Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi jafnréttisnefndar. Starfsmönnum og stjórnendum stofnana Stykkishólmsbæjar skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum.

Vinna skal að jafnri stöðu kynjanna í uppeldisstofnunum sveitarfélagsins og veita börnum og unglíngum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Einnig að tryggt sé að kynjunum sé ekki mismunað. Á þetta við í öllum aldurshópum.

Ábyrgð: Skólastjórar, íþróttar og tómstundafulltrúi.

Áfangar: Jafnréttisfræðsla til barna og unglínga skal fara fram í leikskóla, grunnskóla og í íþróttar og tómstundastarfi. Óskað verði eftir upplýsingum frá grunnskóla, leikskóla og aðilum sem sjá um íþróttar og tómstundastarf um hvernig jafnréttisfræðslu sé háttað eigi síðar en í desember 2010.

Kynning á jafnréttisáætluninni

Jafnréttisnefnd skal koma upplýsingum um jafnréttislögin og jafnréttisáætlun bæjarfélagsins á framfæri við stofnanir og fyrirtæki í Stykkishólmsbæ. Einnig mun jafnréttisnefnd kynna áætlunina til bæjarbúa í fjölmiðlum og minna á hana annað hvert ár.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd.

Áfangar: Kynna jafnréttisáætlunina í október – desember annað hvert ár.

Skv. lögum um jafnréttisáætlunir skal jafnréttisáætlun þessi endurskoðuð innan árs frá næstu sveitarstjórnarkosningum.

Endurskoðuð í mars 2010.

Stykkishólmi 5. Mars 2010.